



Aðalsteinn Eiríksson. Fjárreiður Gagnfræðaskóla Akureyrar, 18 febrúar 1955

Bjarni Benediktsson – Stjórnmal – Dómsmálaráðherra – Menntamálaráðherra – Aðalsteinn Eiríksson –
Gagnfræðaskóli Akureyrar

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmalamaðurinn
Askja 2-

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fjárreiður gagnfræðaskóla Austurbæjar.

Í tveimur skýrslum um fjárreiður gagnfræðaskóla Austurbæjar og reikningsskil Ingimars Jónssonar skólustjóra, sem við Guttormur Erlendsson höfum sent menntamálaráðherra, er reynt að finna sennilega skýringu á því, af hvaða fé lán til Guðmundar Þorlákssonar er tekið. Útreikningar okkar í sambandi við lán þetta og hugsanlega innstæðu í gamla rekstrarsjóðnum eru byggðir á þeirri staðhæfingu, að skólanefnd skólans hafi á sínum tíma samþykkt að lána Guðmundi Þorlákssyni fé til húsakaupa úr sjóði þessum. Þar sem engin gögn eru til staðar yfir sjóð þennan er í þessum skýrslum okkar aðeins um áætlað uppgjör að ræða.

Þessum áætluðu niðurstöðum mótmælir skólustjórinn. Á milli ber, hvort lán þetta hefur verið greitt úr þessum sjóði eða ekki. Ingimar Jónsson heldur fram, að þegar til átti að taka hafi ekkert fé verið í sjóðnum - eða aðeins um kr. 2000.00. Hann heldur því jafnframt fram, að hann hafi tekið fé þetta (lánsupphæðina) úr byggingar-sjóði skólans.

Þetta virðist þó varla geta staðist vegna þess, að á þessu tímabili er ekki nálægt því svo mikið fé til í byggingarsjóði. Annar möguleiki er hugsanlegur. Á árunum 1946 - 1951 hafði Ingimar Jónsson með höndum reikningshald yfir rekstrarkostnað skólans. Við endurskoðun kom í ljós, að búið var við árslok 1950 að ofgreiða til Ingimars, skólans vegna, rekstrarstyrk úr ríkissjóði um kr. 214 þúsund. Þetta gæti ef til vill skýrt það að skólustjórinn gat greitt út fyrrnefnt lán, þótt ekki veri

nægilegt fé til í gamla rekstrarsjóðnum eða byggingarsjóðnum á þessu tímabili. Þegar svo skólastjórnin skilar af sér reikningshaldi rekstrarkostnaðar í hendur endurskóðunar Reykjavíkurbæjar á árinu 1952, gæti hugsast, að hann hefði tekið fé úr byggingarsjóði til þess að jafna þá reikninga, því að þá mun fé hafa verið fyrir hendi í sjóðnum - og þannig hafi það að síðustu orðið svo, að lán Guðmundar hafi verið tekið af fé byggingarsjóðs.

Það fé, sem vantaði í byggingarsjóðinn greiddi Ingimar Reykjavíkurbæ með skuldabréfi s. l. haust.

Sé þessu nú svo varið, sem hér hefur verið getið til, sem ógerlegt er þó að fullyrða neitt um, gæti staðhæfing Ingimars um aðeins kr. 2000.00 innstöðu í gamla rekstrarsjóðnum staðist. En ef svo hefur verið yrði skuld hans nú, kr. 2.000.00 auk vaxta sem hann hefir veitt viðtöku af skuldabréfi Guðmundar Þorlákssonar, kr. 33.800.00.

En hverjig sem þessu kann að vera varið verður tæplega um það deilt að bókhaldi og reikningsskilum af hendi Ingimars Jónssonar hefur verið mjög ábótavant, þótt ekki sé á annað bent en það, að lána í heigildarleysi kr. 150 þúsund gegn handhafaskuldabréfi, taka á móti afborgunum og vöxtum af skuldabréfinu án þess að fara neitt af þessu til reiknings.

Í sambandi við þetta mál og væntanlega meðferð þess tel ég mér þó skylt að benda á eftirfarandi atriði.

Athugun mín á fjárhagslegri framkvæmd fræðslulaganna frá 1/9 1946 hefur leitt í ljós margvíslegar misfellingur.

Flestar þessar misfellingur voru í sambandi við skiptingu kostnaðar milli ríkis og sveitarfélaga. Víða var bókhald skólanna mjög ófullkomið og ársreikningarnir eftir því.

Athugasemdir mínar við framkvæmd fræðslulaganna, sem náðu yfir tímabilið 1/9 1946 - 31/12 1952, voru athugaðar af sameiginlegri nefnd, sem menntamálaráðuneytið og fjármálaráðuneytið stóðu að. Niðurstaðan af athugun þessari varð sú, að ríkissjóður tæki þátt í ýmsum þeim kostnaði, sem vafasamt var að honum bæri þó skylda til, þar sem telja varð að forráðamenn skóla og sveitarfélaga væru í góðri trú um réttmeti veittra heimilda til þátttöku ríkissjóðs - og að leiðrétt væri það, sem beinlínis væri rangt í bókhaldi og reikningskilum. Um annað var samið, s. s. ýms ágreiningsatriði við Reykjavíkurbæ.

Reikningshaldarar hafa yfirleitt brugðist vel við og mótþróaðast leiðrétt það sem aflaga fór og sætt sig við það, þótt við það rýrnaði hagur skólans frá því sem þeir höfðu reiknað með. Áðeins í einu tilfalli þótti ástæða til, að ráðuneytið gripi inn í og fyrirskipaði leiðréttingar og veitti viðkomandi aðila áminningu.

Mál Ingimars Jónssonar virðist vera nokkurrar annarar tegundar en það, sem athugavert hefir verið í bókhaldi og reikningskilum annara reikningshaldara skóla. Engu að síður virðist mér þó, að líta verði svo á, að mál hans sé einn liður í þeirri óreiðu, sem fjárhagsleg framkvæmd fræðslumála hefir verið í. Ástæður þeirrar óreiðu er jöfnum höndum að rekja til þess, að eftirlit hefur skort með þessum málum að hálfu þeirra aðila, sem hér áttu hagsmuna að gæta, og að ekki hafa verið settar fastar reglur (reglugerð) um framkvæmdina.

Sem dæmi um fyrra atriðið má nefna það, að Ingimar Jónsson virðist ekki hafa skilað ársreikningum fyrir tímabilið 1933 - 1946.

Ráðuneyti, fræðslumálaskrifstofa, bæjar - og sveitarstjórnir eiga því nokkra sök á óreiðu þeirri, sem af eftirlitsleysinu hefur hlötist. Þeim bar að heimta í sínar hendur fullnægjandi gögn um fjárreiður skólanna.

Til skýringar á máli Ingimars Jónssonar mátti og á það líta, að hann hefir þessar fjárreiður með höndum ásamt umfangsmiklu skólastjórarstarfi og margvíslegum störfum öðrum. Hann hafði og á hendi umsjón með hinni miklu gagnfræðaskólabyggingu og allt reikningshald henni viðkomandi. Var umsetningin - þ. e. inn- og útborgað fé nálega 14 milljónir króna. Ef Ingimar Jónsson hefði gert fullnægjandi skil á öllum þessum fjárreiðum, hefði ekki aðeins verið sanngjarnt heldur og sjálfsagt að greiða honum sérstaklega fyrir umsjón með og ábyrgð á þessari framkvæmd.

Með tilliti til þess, sem hér hefur verið sagt, tel ég að taka beri til athugunar, hvort fært þætti, að láta mál Ingimars Jónssonar koma undir þá meðferð, sem misfelliur í framkvæmd fræðslumála hafa verið látnar sata þ. e. að leiðréttar væru rángfærslur og mistök. Ennfremur hvort fært þætti, með tilliti til framangreindra skýringa á áætluðu handþæru fé til útborgunar á láni til Guðmundar Þorlákssonar, að taka til greina þá fullyrðingu Ingimars að í rekstrarsjóðnum hafi verið og sé aðeins kr. 2.000.00 og lánið hafi verið, sbr. skýringar mínar, tekið úr byggingarsjóði. Samkvæmt

Þessu yrði honum gert að greiða þessar kr. 2.000.00 ásamt móttæknum vöxtum af fyrrgreindu skuldabréfi, kr. 33.800.00 - eða samtals kr. 35.800.00.

Ef þessi yrði niðurstaðan yrðu eftirstöðvar skuldabréfsins eign Ingimars, eða gengu til greiðslu skuldar hans við Reykjavíkurbæ.

Ingimar Jónsson er nú 64 ára að aldri. Um það verður ekki deilt, að eftir hann liggur mikið og að mörgu leyti merkilegt skólastarf. Þá er það ekki sízt hans verk, að fjölmennasti eskulýðsskóli landsins býr nú að hinum veglegasta húsakosti.

Jafnframt því, sem það hefir komið í minn hlut að benda á misfellur og veilur í reikningskilum Ingimars Jónssonar, vildi ég mega benda á þau atriði, sem getu verið honum til málsbóta og skýrt nokkuð þau mistök, er á hafa orðið í þessum þætti starfs hans.

Vil ég mega vanta þess, að á þetta allt verði litið, þegar teknar verða ákvarðanir um, hvað gert skuli í máli þessu.

Reykjavík, 18/2 1955.

Stóralsteinn Einarsson